



Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. nóvember 2022

Efni: Síðari umsögn um frumvarp til laga um peningamarkaðssjóði, 328. mál.

Samtök fjármálafyrirtækja („SFF“) sendu efnahags- og viðskiptanefnd umsögn um þingmál þetta nýverið. Við frekari skoðun frumvarpsins telja samtökin þörf á frekari athugasemdum er varða 17. gr. frumvarpsins en þar er m.a. lagt til að lögfest verði tvö ný ákvæði er varða gerð lykilupplýsingaskjala, annars vegar í lögum um verðbréfasjóði, nr. 116/2021, og hins vegar í lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. 45/2020. Um þetta segir í 17. gr. frumvarpsins:

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög um verðbréfasjóði, nr. 116/2021:*

a. Á eftir 2. mgr. 56. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Ef rekstrarfélag útbýr eða útvegar lykilupplýsingaskjal fyrir verðbréfasjóð sem það rekur, sem uppfyllir skilyrði laga um lykilupplýsingaskjöl vegna tiltekinna fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta, nr. 55/2021, skal það teljast uppfylla kröfur sem gerðar eru til lykilupplýsinga samkvæmt lögum þessum. Í slíkum tilvikum þarf rekstrarfélag ekki að útbúa lykilupplýsingar í samræmi við lög þessi.

2. *Lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. 45/2020:* Á eftir 1. mgr. 86. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Ef rekstraraðili útbýr eða útvegar lykilupplýsingaskjal fyrir sérhæfðan sjóð fyrir almenna fjárfesta sem hann rekur, sem uppfyllir skilyrði laga um lykilupplýsingaskjöl vegna tiltekinna fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta, nr. 55/2021, skal það teljast uppfylla kröfur sem gerðar eru til lykilupplýsinga samkvæmt lögum þessum. Í slíkum tilvikum þarf rekstraraðili ekki að útbúa lykilupplýsingar í samræmi við lög þessi.

Lög nr. 55/2021 um lykilupplýsingaskjöl vegna tiltekinna fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta innleiða ákvæði reglugerðar ESB nr. 1286/2014 um lykilupplýsingaskjöl fyrir pakkaðar og váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta („PRIIPs“) og framselda reglugerð ESB nr. 2340/2016. Lög nr. 116/2021 verðbréfasjóði fjalla jafnframt um kröfur til verðbréfasjóða um framsetningu og innihald lykilupplýsinga í samræmi við kröfur tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB („UCITS“). Sömu kröfur gilda um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, sbr. 86. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

SFF vekja athygli á að orðalag tilvitnaðra málsgreina í 17. gr. frumvarpsins virðist afdráttarlaust um að ef rekstrarfélag gerir lykilupplýsingaskjal í samræmi við kröfur PRIIPs, sbr. lög nr. 55/2021 um lykilupplýsingaskjöl vegna tiltekinna fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta, þá þurfi rekstrarfélagið ekki að útbúa lykilupplýsingar í samræmi við kröfur UCITS, sbr. lög nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og lög nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Lagatextinn er nokkuð skýr hvað þetta atriði varðar en ósamræmi er á milli lagatextans og athugasemda við 17. gr. í frumvarpinu, sem gerir ráð fyrir að rekstrarfélög verðbréfasjóða og rekstraraðilar sérhæfðra sjóða hafi val um hvort þeir útbúi lykilupplýsingar í samræmi við UCITS eða lykilupplýsingaskjal í samræmi við PRIIPs, sbr. neðangreint:

Lagðar eru til breytingar á lögum um verðbréfasjóði. Í a-lið 1. tölul. er lögð til innleiðing á 1. gr. tilskipunar (ESB) 2021/2261 Evrópuþingsins og ráðsins frá 15. desember 2021 sem breytir tilskipun 2009/65/EB að því er varðar notkun rekstrarfélaga á lykilupplýsingaskjöllum. Sambærileg breyting er lögð til á lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða að því er varðar lykilupplýsingar fyrir sérhæfða sjóði fyrir almenna fjárfesta. Í gildi er undanþága fyrir rekstrarfélög verðbréfasjóða og rekstraraðila sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta frá gildissviði laga um lykilupplýsingaskjöl vegna tiltekinna fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta, nr. 55/2021, sem rennur út 31. desember 2022. Í undanþágunni felst að þessir rekstraraðilar og rekstrarfélög þurfa ekki að útbúa lykilupplýsingaskjöl samkvæmt þeirri löggjöf, enda eru þeir undir lagaskyldu til að útbúa lykilupplýsingar samkvæmt 1. mgr. 56. gr. laga um verðbréfasjóði og 1. mgr. 86. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Tilgangur undanþágunnar er að tryggja að aðilarnir þurfi ekki bæði að útbúa lykilupplýsingaskjöl samkvæmt lögum um verðbréfasjóði og lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða annars vegar og hins vegar lögum um lykilupplýsingaskjöl vegna tiltekinna fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta og fjárfestarnir að kynna sér bæði skjölin áður en fjárfestingarákvörðun er tekin. Með tilkomu framangreindrar tilskipunar munu rekstrarfélög verðbréfasjóða hafa val um hvort þeir útbúa lykilupplýsingar í samræmi við UCITS-tilskipunina eða þá lykilupplýsingaskjöl í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 1286/2014 um lykilupplýsingaskjöl fyrir pakkaðar og váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta, sem innleidd er með lögum um lykilupplýsingaskjöl vegna tiltekinna fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta. Rétt þykir að leggja til að það sama skuli gilda um rekstraraðila sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta, sbr. 2. tölul. ákvæðisins. Í ákvæðinu er vísað til þess að rekstrarfélag eða rekstraraðili útbúi eða útvegi lykilupplýsingaskjal og fellur þar undir að taka saman, útvega, endurskoða og þýða lykilupplýsingaskjöl. [áherslubl. SFF]

SFF leggja til að gerðar verði viðeigandi breytingar á framangreindu svo að skýrt verði hvaða kröfur verði gerðar til rekstrarfélaga verðbréfasjóða og rekstraraðila sérhæfðra sjóða varðandi framsetningu lykilupplýsinga og gerð lykilupplýsingaskjala. Samspil lagatexta og frumvarps er ekki skýrt og býður upp á vafa við túlkun.

Loks er rétt að benda á að í 1. gr. laga nr. 55/2021, um markmið og gildissvið laganna, er talað um pakkaðar og váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir, en ekki vikið að því með skýrum hætti í öðrum efnisákvæðum laganna að þau gildi um rekstrarfélög verðbréfasjóða og rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Í PRIIPs reglugerðinni er þó tilgreint að verðbréfasjóðir (UCITS) teljist vera fjárfestingarafurðir í skilningi PRIIPs. Í því sambandi benda SFF á að það væri til þess fallið að auka skýrleika laganna að tilgreint væri sérstaklega í lögum nr. 55/2021 með hvaða hætti sjóðir falla undir gildissvið laganna.

SFF óska eftir að við meðferð þingmálsins verði allur vafi tekinn af um framangreind atriði og þá hvort ætlunin sé að aðilar hafi val um hvort þeir skili lykilupplýsingum á grundvelli sérlöggjafar um sjóði eða PRIIPs.

F. h. Samtaka fjármálafyrirtækja.
Með vinsemd og virðingu,

Jóna Björk Guðnadóttir, yfirlögfræðingur